

Augnsýkingar

Það **fer eftir því hversu alvarleg sýkingin er** hvort ástæða er til að halda börnum heima og meina þeim aðgangi að leikskólanum.

Miðað við þekkingu dagsins í dag er ekki ástæða til, af smitvarnaástæðum, að ráðlegga leikskólabörnum að vera heima með milda eða meðalslæma augnsýkingu.

Eingungis er ástæða til að að halda börnum heima ef börnin eru með kröftuga augnsýkingu með mikllili graftarmyndun.

Ef að meðhöndlun með sýklalyfjadropum/kremi er hafin geta börnin farið í leikskólann daginn eftir.

Foreldrar geta haft samráð við lækna varðandi augnsýkingar.

Kossageit

Varðandi kossageit: Það hvort ástæða er til að halda börnum heima og meina þeim aðgangi að leikskóla **fer eftir stærð, umfangi og vessamyndun í sárum.**

Oftast á það við að nota sýklakrem eða lyf að höfðu samráði við lækni.

Gott er að hylja sár ef það er en það er gert til að hindra að sáravessi berist milli einstaklinga því það er smitefnið.

Barn með kossageit getur farið í leikskóla ef að sár eru þurr eða hægt er að hylja þau með umbúðum/andandi plástri.

Ráðleggingar frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga